

Ályktun

Aðalfundur Eyþings, haldinn 11. og 12. nóvember 2016, á Þórshöfn samþykkir eftirfarandi ályktun:

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir hafa sannað sig sem öflugt verkfæri í byggðamálum. Mikilvægt er að stjórnvöld hviki ekki frá því verklagi sem í þeim felst. Skorað er á ríkisvaldið að auka fjárveitingar til samninga um sóknaráætlun.

Samgönguáætlun

Tryggja verður fé til þeirra mikilvægu verkefna sem bætt var inn á samgönguáætlun við endurskoðun og bent á Dettifossvog og flughlað á Akureyrarflugvelli. Vakin er athygli á misræmi sem kemur fram í því að ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum í fjármálaáætlun ríkisins.

Auk þessa vekur fundurinn athygli á að fyrir löngu er orðið brýnt að koma uppbyggingu vegar um Langanesströnd og Brekknaheiði með bundnu slitlagi inn á framkvæmdaáætlun.

Almenningssamgöngur

Bæta þarf rekstrarskilyrði almenningssamgangna. Skorað er á ráðherra og þingmenn að afgreiða frumvarp um almenningssamgöngur á komandi þingi. Jafnframt þarf að tryggja nægt fjármagn til verkefnisins.

Þá telur fundurinn óhjákvæmilegt að niðurgreiða flug, líkt og gert er t.d. í hinum dreifðu byggðum í Skotlandi, en innanlandsflug er mikilvægur liður í samskiptum landsbyggðar og höfuðborgar.

Verkefnið „Ísland ljóstengt“

Lögð er áhersla á að hvergi verði hvikað frá áætlunum um ljósleiðaravæðingu landsins og að þátttaka ríkisins verði aukin. Nauðsynlegt er að fé verði lagt í sérstakan byggðapott til að mæta brýnni þörf á ljósleiðaravæðingu byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja og munu að óbreyttu sitja eftir.

Orkumál

Fundurinn telur ástand í orkumálum á Norðurlandi eystra óviðunandi. Ráðast verður í stóratök í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífs í landshlutanum.

Menntamál

Fundurinn fagnar því frumkvæði sem skólameistarar í landshlutanum hafa sýnt með auknu samstarfi framhaldsskólanna. Sérstaklega þarf að horfa til þess að styrkja fjárhag smærri framhaldsskóla og að auka fjárveitingar til iðn- og tæknináms sem eðli málsins samkvæmt krefjast meira fjár en hreinar bóknámsgreinar.

Lögð er áhersla á að Háskólinn á Akureyri fái aukið fjármagn til starfsemi sinnar og litið verði til þess sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Jafnframt verði lögð sérstök áhersla á að bjóða sem fyrst upp á nám í tæknigreinum við skólann.

Heilbrigðismál

Vegna þeirra áforma sem eru um uppbyggingu Landspítalans er mikilvægt að styrkja jafnframt starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri með byggingu nýrrar legudeildar og efla aðra heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.